



Fjölbrautaskóli Suðurlands

HJÚK3LO03

Lokaritgerð og flutningur

Kennsluáætlun – Vorönn 2025

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÞ

Forkröfur: HJÚK3FG05 Samfélagshjúkrun

Lýsing

Í áfanganum vinna nemendur lokaverkefni sem byggir á fræðilegri þekkingu í hjúkrun og þarf viðfangsefnið að vera á 3. þrepi. Nemendur dýpka og þjálfra færni sína í ritun heimildaritgerða og þeim fræðilegum vinnubrögðum sem krafist er við vinnslu og frágang slíkra ritgerða. Lögð er áhersla á notkun viðurkenndra heimilda innan heilbrigðisvísinda. Nemendur vinna undir verkstjórn kennara á sjálfstæðan hátt þar sem krafist er frumkvæðis, vandaðra vinnubragða, sköpunar og ábyrgðar á eigin námi. Nemendur kynna viðfangsefni sín með margvíslegum hætti á málstofu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tilteknu viðfangsefni sem hann hefur valið sér
- helstu hugtökum sem tengjast gerð heimildaritgerðar
- byggingu heimilda- og rannsóknaritgerða
- nauðsyn þess að vanda meðferð heimilda
- reglum um höfundarrétt og hugmyndum um ritstuld

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja viðurkenndum reglum við gerð og frágang ritgerðar
- beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu efnis
- afla fjölbreyttra heimilda, t.d. skráðra heimilda úr bókum, tímaritum og af netinu eða frumheimilda, ef svo ber undir
- koma efni á framfæri á vel uppbyggðan, skýran og greinargóðan hátt
- lesa fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera raunhæfa verkáætlun og framfylgja henni
- setja fram rökstudda rannsóknarspurningu eða efnisyfirlýsingu

- skrifa lokaritgerð samkvæmt viðurkenndum aðferðum
- tjá sig í ræðu og riti á gagnrýninn og skapandi hátt um sérhæft efni

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem vinna nemanda í áfanganum er metin með reglubundnum hætti. Til grundvallar matinu eru einkum verkáætlun nemanda, sjálfstæði í vinnubrögðum, efnistöð, málfar og stíll, meðferð og val á heimildum, flutningur og frágangur verkefnis.

Málstofa 30%

Ritgerð og verkáætlun 70%

Til að ná áfanganum þarf nemandi:

- A. Að skila ritgerð sem fellur undir 3 stigs áfanga og hitta kennaran á umsömdum tíma yfir önnina með skipulag og uppsetningu. Ef nemandi skilar ekki ritgerð/ og eða hittir ekki kennara á umsömdum tímum, þá er hann fallinn. Ekki má skila sömu ritgerð í annan áfanga. Notast er við turnitin.
- B. Mæta og flytja verkefni sitt á skipulagðri málstofu og hlusta á hina nemendurnar. Ef nemandi mætir ekki á málstofu þá er nemandi fallinn.
Taka þátt í og fá leiðbeiningar á Generalprufu.
- C. Ath. Nemandi þar að ná lágmarkseinkun í báðum þáttum (A og B).

FLUTNINGUR LOKAVEREFNIS ER MIÐVIKUDAGURINN 30.APRÍL OG SKIL Á RITGERÐ SAMA DAG TIL KENNARA.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.